

Miðvikudagur 5. febrúar

Námskeið í Grenivíkurskóla *Brasilísk tónlist*

20:00 Tónlistarbió í Hyldýpinu í Hrafnagilsskóla

20:00 Gítarnámskeið (Vinnukonugripin) á efri hæð Tónlistarskóla Eyjafjarðar

21:00 Tónleikar The TE Party á Kaffi Kú
Faney Kristjáns Snjólaugardóttir söngur
Jón Þorsteinn Reynisson harmonika
Rodrigo Lopes slagverk
Kristján Edelstein gítar

Fimmtudagur 6. febrúar

20:00 Þórarinn Stefánsson í Laugarborg
Þórarinn kynnir útgáfu sína á píanóverkum Sveinbjörns Sveinbjörnssonar

20:00 Gítarnámskeið í Þelamerkurskóla fyrir foreldra gítarnemenda

20:00 Tónlistarbió í Kelikompunni, Þelamerkurskóla

20:00 Kvikmyndin, „Frú Elísabet” sýnd í Grenivíkurskóla í samvinnu við Kvenfélagið Hlín sem verður með veitingasölu og kennarar við tónlistarskólans sjá um söngstund „singalong” beint á eftir sýningu kvikmyndarinnar.

Föstudagur 7. febrúar

20:00 Kvikmyndin, „Frú Elísabet” sýnd í Laugarborg í samstarfi við Lionsklúbbinn Sif.
21:00 Söngstund „singalong” í Laugarborg
Kennarar tónlistarskólans sjá um að leiða áfram sönginn og halda uppi fjörinu

Laugardagur 8. febrúar

10:30-11:15 Ung börn og tónlist, *tónlistarstund fyrir 6-18 mánaða börn og foreldra*
Tónmennastofa Hrafnagilsskóla (kjallari gömlu heimavistar)
Kennari: María Gunnarsdóttir

12:00 Stofnfundur Tónlistarfélags Tónlistarskóla Eyjafjarðar í Laugarborg

SJÁUMST SEM FLEST Í OPINNI VIKU

Þeir sem hafa áhuga á einkatímum í hljóðfæraleik eða söng hafi samband við skólann. Auðveldast er að senda tölvupóst á te@krummi.is

Tónlistarskóli Eyjafjarðar Opin vika 3.-8. febrúar

Vikuna 3.-8. febrúar heldur Tónlistarskóli Eyjafjarðar opna viku þar hefðbundin kennsla er að mestu felld niður, en býður nemendum í staðinn námskeið í brasilískri tónlist þar sem okkar brasilíski slagverksleikari og kennari Rodrigo Lopes og samlandi hans Guito Thomas, leiðbeina nemendum okkar á Hrafnagili, Þelamörk og Grenivík. Það verður gaman að sjá hvort þeir geta ekki aðeins liðkað okkur til í vetrarfrostinu og gefið okkur örlítinn smjörpuf af sumri og sól. Kennarar skólans bregða á leik og bjóða upp á ýmislegt fyrir okkur sveitungana.

M.a annars verður kvikmyndin Frú Elísabet sýnd í öllum sveitarfélögunum. Kvikmyndin, Frú Elísabet, fjallar um frú Maríu Elísabetu Jónsóttur (1869-1945) frá Grenjaðarstað, organista, tónskáld og kórstjóra, sem var m.a. fyrst íslenskra kvenna til að á fá birt eftir sig lag á prenti og útgefið sönglagahefti. Í tengslum við kvikmyndasýninguna verða söngstundir, (Singalong) í samstarfi við félagasamtök á hverjum stað, þar sem kennarar við tónlistarskólann verða til halds og trausts og leiða sönginn.

Tónleikar verða haldnir í Krummakoti, Félagsborg, Kristnesi, Gamla skóla á Grenivík og „The TE Party” (Fanney, Jón Þorsteinn, Rodrigo og Kristján Edelstein) koma fram á Kaffi Kú.

Þórarinn Stefánsson kynnir útgáfu sína á píanóverkum Sveinbjörns Sveinbjörnssonar í Laugarborg.

Kristján Edelstein verður með námskeið fyrir foreldra gítarnemenda og Brynjólfur Brynjólfsson gítarnámskeið fyrir byrjendur (vinnukonugripin). Ungbarnanámskeið verður haldið á Hrafnagili með Maríu Gunnarsdóttur á laugardagsmorgni.

Opin æfing Karlakórs Eyjafjarðar, þar sem öllum körlum sem áhuga hafa á að syngja með eða koma og hlusta eru boðnir velkomnir.

Boðað er til undirbúningsfundar að stofnun söngfélags/tónlistarfélags sem mögulegan vettvang tónlistarfólks í okkar sveitum.

Í félagsmiðstöðvunum verður komið upp góðu bíói og sýnd tónlistarmynd á tjaldi og með góðu hljóði.

Sveitungum sem hafa áhuga á að koma í söng-eða spilatíma er velkomið að hafa samband við skólann og við sjáum hvort við getum orðið við óskum ykkar.

Athugið að allir viðburðir eru ókeypis og opnir öllum sem vilja.



Tónlistarskóli Eyjafjarðar Opin vika - Dagskrá

Mánudagur 3. febrúar

Námskeið á Þelamörk og Hrafnagili
Brasilísk tónlist

19:30-21:30 Laugarborg
Opin æfing hjá Karlakór Eyjafjarðar

20:00 Gítarnámskeið (Vinnukonugripin)
á efri hæð Tónlistarskóla Eyjafjarðar, Hrafnagili
Kennari: Brynjólfur Brynjólfsson

20:00-22:00 Tónlistarbíó í Grenivíkurskóla

Priðjudagur 4. febrúar

10:20 Tónleikar í Krummakoti
Petrea Óskarsdóttir flautuleikari og nemendur

10:45 Tónleikar í Gamla skóla Grenivík fyrir Ellafélaga. Nemendur Elínar Jakobs, Margrét Árnadóttir söngur og Helga Kvam píanóleikur

14:30 Tónleikar í Félagsborg, Hrafnagili
Ásdís Arnadóttir selló
Jón Þorsteinn Reynisson harmonika

17:00 Tónleikar á Kristnesspítala
Petrea Óskarsdóttir flauta
Þórarinn Stefánsson píanó
ásamt nemendum

20:00 Poppkór (rytmískur kór) í Laugarborg
Örnámskeið, kórnámskeið fyrir þá sem vilja syngja popptónlist og aðra rytmíska tónlist.
Sjórnanndi: Guðlaugur Viktorsson

20:00 Kvikmyndin, „Frú Elísabet” sýnd á Melum
í samvinnu við Leikfélag Hörgdæla og Kvenfélag Hörgdæla

Söngstund „singalong” beint á eftir, kjörið tækifæri til að æfa sig fyrir þorablótið

